



MINNISBLAÐ

Móttakandi: Bæjarstjórn / Bæjarráð / Atvinnu- og nýsköpunarnefnd / Hafnarstjórn
Varðandi: Gjaldtaka bílastæða á hafnarsvæði.
Málsnúmer: 1909018.
Dags.: 24. febrúar 2026.
Málefni: Yfirferð yfir málavexti, samráð og tillaga að endurskoðun vegna gjaldtöku bílastæða á hafnarsvæðinu í Stykkishólmi.

Tilgangur þessa minnisblaðs er að draga saman helstu málavexti vegna gjaldtöku á bílastæðum við hafnarsvæði Stykkishólms frá árinu 2019, þó umræður um gjaldtökuna hafi hafist mun fyrr, og gera grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust frá ferðaþjónustuaðilum eftir að gjaldtaka hófst sumarið 2025, rekja samráð og afgreiðslur sveitarfélagsins og leggja fram tillögu að aðlögun gjaldtökunnar í kjölfar þeirra viðræðna sem fram hafa farið í samráði við beiðni bæjarráðs þar um.

1. Upphaf máls og undirbúningur 2019–2024

Hugmyndir um gjaldtöku á hafnar- og miðsvæði Stykkishólms voru fyrst kynntar formlega í bæjarráði í september 2019. Þá var bæjarstjóra falið að skoða málið nánar og meta mögulegar útfærslur. Umræðan var frá upphafi sett í samhengi við aukna umferð, þörf á betri nýtingu bílastæða og heildarskipulag hafnarsvæðisins sem þjónustusvæðis fyrir bæði íbúa og ferðamenn.

Á sama tíma var unnið að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir sveitarfélagið þar sem sérstaklega var fjallað um aðkomu að hafnarsvæði, skipulag bílastæða, öryggi gangandi vegfarenda og þörf á heildarsýn á skipulag svæðisins. Gjaldtaka var því frá upphafi hluti af stærri mynd, m.a. umferðarstýringar og öryggismála, en ekki einskoruð við tekjuöflun til að standa straum af uppbyggingu og viðhaldi innviða.

Árið 2021 var ráðist í umfangsmiklar malbikunarframkvæmdir á hafnarsvæðinu, þar á meðal á svæðum við minnismerkið og við Súgandisey. Samkvæmt uppgjöri við Vegagerðina nam heildarreikningur vegna malbikunar rúmlega 38 milljónum króna með virðisaukaskatti, þar sem sveitarfélagið bar 55 prósent kostnaðar. Þegar tekið er tillit til undirvinnu og frágangs er núvirði framkvæmdanna áætlað um 60–65 milljónir króna. Þessar framkvæmdir voru taldar forsenda þess að hægt væri að hefja gjaldtöku á bílastæðum við höfnina.

Á árunum 2022 til 2024 fór málið í gegnum hefðbundið stjórnsýsluferli. Hafnarstjórn og bæjarráð fengu kynningar á mismunandi lausnum, meðal annars frá Parka Lausnum og Green Parking, og unnið var að drögum að reglum og gjaldskrá. Í júní 2024 samþykkti bæjarstjórn samhljóða, eftir tvær umræður, samþykkt um bílastæðasjóð Stykkishólms og tilheyrandi gjaldskrá. Samningur um rafræna innheimtu var síðan undirritaður í ágúst sama ár.

2. Gildistaka gjaldtöku og viðbrögð 2025

Gjaldtaka hófst 30. júlí 2025 samkvæmt birtri gjaldskrá og yfirlitsmynd af gjaldskyldum svæðum. Ákveðið var að hefja gjaldtöku ekki fyrr en undir lok sumars til þess að fá betri sýn á það hvernig gjaldskyldan myndi virka og geta þá aðlagð gjaldtöku betur síðar. Gjaldskyldan var afmörkuð í mismunandi svæði með mismunandi gjaldtöku, með það að markmiði að stuðla að eðlilegri nýtingu stæða, draga úr langtímadvöl á skammtíma stæðum og tryggja tekjur til viðhalds og uppbyggingar svæðisins.



Í kjölfar þess að sveitarfélagið hóf gjaldtöku bárust sveitarfélaginu athugasemdir frá ferðapjónustuaðilum á hafnarsvæðinu. Í þeim var lýst áhyggjum af áhrifum gjaldtöku á aðgengi viðskiptavina, samkeppnisstöðu fyrirtækja við höfnina og upplifun gesta. Bent var á að gjaldtaka fyrir stutt stopp gæti haft neikvæð áhrif á veitingarekstur og afþreyingu og að mikilvægt væri að finna jafnvægi milli tekjuöflunar og stuðnings við atvinnulíf á svæðinu.

3. Samráð og frekari meðferð málsins

Í ljósi framkominna sjónarmiða og í ljósi þess að ávallt hvar horft til þess að taka samráð við hagaðila eftir að gjaldtakan hófst í lok sumars 2025 var boðað til samráðsfundar með ferðapjónustuaðilum og öðrum hagsmunaaðilum 12. desember 2025. Þar var farið yfir forsendur gjaldtöku, markmið hennar og mögulegar leiðir til að aðlaga framkvæmdina að rekstrarumhverfi á hafnarsvæðinu. Að undanskyldum vilja ferðapjónustuaðila til að hætta alfarið með gjaldtöku á svæðinu snérist umræðan einkum að þörf á gjaldfrelsi fyrir skammtímadvöl og/eða á ákveðnum svæðum, einfaldari og skýrari gjaldtöku og hóflegri útfærslu sem tæki mið af eðli starfseminnar á svæðinu.

Málið var í framhaldi tekið til umræðu í bæjarráði í janúar 2026 og bæjarstjóra falið að ræða við ferðapjónustuaðila um mögulega aðlögun gjaldtökunnar að þörfum ferðapjónustuaðila á svæðinu. Í kjölfar þeirra funda hefur verið unnið að „miðlunartillögu“ sem leitast við að mæta áhyggjum atvinnulífsins án þess að horfið sé frá meginmarkmiðum gjaldtökunnar.

4. Tillaga bæjarstjóra að endurskoðun á gjaldtöku í kjölfar samráðs og fundi bæjarráðs

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu í samtölum bæjarstjóra við ferðapjónustuaðila á hafnarsvæði leggur bæjarstjóri til að gjaldtaka á svokölluðu gula svæði verði aðlöguð þannig að fyrstu tvær klukkustundirnar verði gjaldfrjálsar og að ekki verði innheimt gjald á tímabilinu frá klukkan 18:00 að kvöldi til klukkan 09:00 að morgni. Jafnframt verði unnið að einföldun og skýrari framsetningu gjaldskrár og afmörkun gjaldskyldu, með það að markmiði að tryggja gagnsæi og bæta upplifun notenda. Með þessari aðlögun er leitast við að tryggja að gjaldtakan þjóni áfram hlutverki líkt og stefnt var að frá upphafi, en taki jafnframt tillit til rekstrarumhverfis og samkeppnisstöðu fyrirtækja við höfnina.

Á fundi bæjarráðs 19. febrúar sl. var framangreind tillaga samþykkt samhljóða ásamt því að lögð var áhersla á að samræma gjaldtöku við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, þ.e. kr. 1.100 á sólahring á langtímastæðum, og viðhafa sömu skiltum til að gæta samræmis. Óbreytt gjaldtaka yrði við Súgandisey. Þá var bæjarstjóra falið umboð/heimild til að ræða við og leggja drög að samningnum við eigendur ferðapjónustuaðila á hafnarsvæðinu um leigu eða kaupa á bílastæði í eigu sveitarfélagsins. Var framangreind nálgun staðfest á samráðsfundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar og hafnarstjórnar 20. febrúar sl.

5. Samandregið

Af framangreindu er ljóst að gjaldtaka á hafnarsvæði Stykkishólms er byggð á grunni margra ára vinnu og stefnumörkunar sem byggði m.a. á innviðafjárfestingu og stefnumótun í umferðaröryggi og fór í gegnum formlegt stjórnsýsluferli áður en hún tók gildi sumarið 2025. Í kjölfar athugasemda frá ferðapjónustuaðilum á hafnarsvæði hefur sveitarfélagið átt í virku samráði og leggur nú fram tillögu að aðlögun sem miðar að sátt og jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða. Var nálgunin samþykkt á fundi bæjarráðs 24. febrúar sl. og staðfest á samráðsfundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar og hafnarstjórnar 20. febrúar sl.

Virðingarfyllt,

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri